


## Þarfagreining með Miðlunaraðferðinni (Metaplan)



Mynd 1. Úr bók Hróbjartar Árnasonar og Stig Skovbo (2010).

Ég var búinn að lofa mér því að skoða þarfagreiningu (e. *needs analysis*), fyrsta stig kennsluhönnunar (e. *instructional design*). Þetta blogg fjallar að mestu um notkun „Card Questions“ eða *Miðlunaraðferðina* (Metaplan).

Eins og hugtakið *þarfagreining* ber með sér þá styðst það við mat á þörfum (e. *needs*) og kemur fram sem ósamræmi á milli óskastöðu og þess ástands sem er viðvarandi eða gloppu (e. *gap*) í árangri (Gagné, 2005). Við viðum að okkur og greinum upplýsingar (e. *data*) til að finna gloppurnar og fylla upp í þær svo unnt sé að bæta árangur skipulagsheildar. Allskonar ástæður eru fyrir myndun gloppa, t.d. vöntun á tækjum og tólum, slakt upplýsingaflæði eða vöntun á upplýsingum, þekkingu eða færni, fólk er jafnvel í rangri stöðu innan skipulagsheildar eða fær litla hvatningu (Hróbjartur Árnason og Skovbo, 2010). Sjá einnig frekar [hér](#).

Það var sunnudagur. Á meðan ég las mér til um þarfagreiningu rann allt í einu upp fyrir mér að morguninn eftir ætlaði ég að halda deildarfund með kennurum efsta stigs þar sem ræða átti nokkuð umfangsmikið efni – agastjórnunartæki skólans. Fyrr í vetur hafði verið óskað eftir eins konar stöðumati af hálfu kennara (þörfin var fyrir hendi og meginskilyrði þarfagreiningar þar með uppfyllt) en nokkur bið hafði orðið á umræðunni, merkilegt nokk vegna tímaleysis (hvað sem það nú er). Áður hafði ég stungið upp á því að funda sérstaklega um málefnið í stað þess að blanda því inn í umræðu um annað. Kennararnir voru sáttir með þá ráðstöfun en einhvern veginn sá ég fyrir mér að ég gæti ekki bara haldið svona „venjulegan“ fund þar sem allir sætu við borð og sumir tala á meðan aðrir þegja. Mér fannst ég yrði að stýra umræðum þannig að sem flestir tækju þátt í stað þess að ein til tvær raddir yfirgnæfðu allar hinar. Þetta er bara þannig málefni, það krefst lýðræðislegrar þátttöku. Miðlunaraðferðin myndi án efa hjálpa mér hér miðað við umræðu Hróbjarts og Skovbo í bók þeirra um þarfagreiningu (2010). Sjálfur hafði ég kynnst aðferðinni í kennslustund hjá Hróbjarti og vissi því vel að hún er sjónræn, lifandi og skemmtileg.

## Nokkurn veginn svona sá ég deildarfundinn fyrir mér:



Mynd 2. Úr handbókinni *Metaplan Basic Techniques* (ó.d).

Á mánudagsmorgninum fór ég að huga að undirbúningi fundarins á meðan ég kepptist við að sinna öðrum föstum liðum starfs míns. Ég var spenntur, hlakkaði til en hafði auðvitað engan tíma í eitthvað föndur og svo átti ég náttúrulega engar svona finar töflur eins og á mynd 2. Hvar var maskínupappírinn aftur geymdur og af hverju í ósköpunum áttum við ekki teiknibólur? Ég fann gulan pappír safskurð í myndmenntastofunni til að nota sem strimla, tók alla tússa sem ég fann hjá ritaranum, gróf upp eina teiknibólukassann í stofnuninni, fann til rauða hringlaga límmiða hjá bókasafnsverðinum (eftir mikla leit), klippti til hvítan vélritunarpappír í fyrirsagnir og áttaði mig svo á því að í einhverjum kennslustofum væru til staðar ónotaðar korktöflur uppi á vegg, nægilega stórar til að hengja upp stórar arkir af maskínupappír (enda hvaða helvita maður notar þær í öllu rafræna náminu um þessar mundir?). Bingó! Þetta var komið og ég undirbjó „sviðið“ miðað við mynd 2.

Klukkan sló 14.00 og kennarar mættu í kennslustofuna. Þeir áttu nú ekki von á fundarskipulagi líku því sem nú blasti við þeim en ég sá og heyrði að eftirvæntingin jókst í hópnum. Áður hafði ég farið yfir nokkrar helstu reglur margmiðlunaraðferðarinnar í huganum, aftur og aftur. Ég sá fundinn fyrir mér frá upphafi til enda. Fyrst var auðvitað að tryggja að öllum liði vel. Ég spurði kennarana hvort ásættanlegt væri að vinna í svo sem einn klukkutíma og hvort einhverjir þyrftu að vera annarsstaðar kl. 15.00, allt í anda „andragókík“. Svo reyndist vera og þannig settum við tímamörkin í sameiningu, ásamt því að við ætluðum ekki að taka kaffipásu.

Fyrst áttu kennararnir að líma rauða límmiða á skalnum „mjög sátt/ur“ til „mjög ósátt/ur“ sem ég teiknaði á eina örkina. Bros- og fýlukall var notaður sem tákni fyrir ofan og neðan kvarðann. Síðan setti ég fram þrjár spurningar, eina spurningu á hverja örk, spurningar sem ég taldi vera í rökréttu samhengi við málefnið. Svo bað ég kennarana að skrifa svör eða hugmyndir á gulu miðana til að hengja á arkirnar. Hver og einn fékk tvo til þrjá miða og túss til að skrifa með. Sem betur fer fékk ég nokkra í hópnum til að aðstoða mig við að dreifa miðum, safna þeim saman aftur og festa á töfluna við viðeigandi spurningu á meðan ég las upp hvert svar (að gera þetta einn hefði orðið svo tímafrekt). Ég sá og fann að það vakti

mestu eftirvæntinguna að heyra svörin. Síðan voru þau flokkuð og við ræddum málin stuttlega út frá hverri spurningu. Í lokaspurningunni (sem fjallaði um úrbætur) fengu allir þrjá rauða miða til að líma við þær tillögur sem þeim þótti falla best í kramið hjá sér.

### Svona leit afraksturinn út hjá okkur eftir fundinn:



Mynd 3. ÞHG.

Eins og sést kannski á klukkunni á veggnum þá héldu tímamörkin nokkuð vel en þegar myndin er tekin þá er fundi lokið og kennarar horfnir til annarra starfa. Allt gekk vel, eiginlega vonum fram og við fengum fram ágætis (jafnvel óvæntar) upplýsingar um stöðu málefnis í stofnuninni sem nauðsynlega þurfti að tæpa á. Það sem mér fannst þó standa upp úr var auðvitað hversu sjónrænt og lýðræðislegt skipulag miðlunaraðferðarinnar er. Enginn einn yfirgnæfði fundinn með sínum eina rétta sannleika heldur tóku allir þátt og allir komu skoðunum sínum á framfæri. Meira að segja voru þarna svör eða ábendingar sem gat verið erfitt að koma með fram undir nafni.

Já, mikið var ég nú ánægður með að hafa barið í mig kjark til að breyta til í daglegu fundahaldi (vanahugsuninni) og nýta þá aðferðarfræði sem manni er kennd í stjórnunarnáminu (er það ekki í samræmi við forystuhugtakið?). Miðlunaraðferðin er auðvitað bara ein aðferð við að afla upplýsinga vegna þarfagreiningar en sniðugt verkfæri sem hægt er að grípa til hvenær sem er með nokkrum undirbúningi þó.

*Þorvaldur H. Gunnarsson.*

### Heimildir:

Gagné, R., Wager, W., Golas, K. og Keller, J. (2005). *Principles of instructional design.*

Belmont: Wadsworth/Thomson Learning.

Hróbjartur Árnason og Skovbo, S. (2010). *Training needs assessment: An inspirational handbook for designers of learning processes. Strategic capacity building in companies: – the first step*. Sótt

af [http://www.vuxped.nordvux.net/kogebog\\_vers1.0.pdf](http://www.vuxped.nordvux.net/kogebog_vers1.0.pdf) [http://issuu.com/mryntietgen/docs/kogebog\\_vers1.0\\_print\\_lille](http://issuu.com/mryntietgen/docs/kogebog_vers1.0_print_lille)

Metaplan GmbH. (ó.d.). *Metaplan basic techniques: Moderating group discussion using the metaplan approach* (handbók). Sótt

af [http://www.sswm.info/sites/default/files/reference\\_attachments/METAPLAN\\_GMBH\\_bny\\_Metaplan\\_Basic\\_Techniques.pdf](http://www.sswm.info/sites/default/files/reference_attachments/METAPLAN_GMBH_bny_Metaplan_Basic_Techniques.pdf)